

Áfanga- og verkáætlun

Helstu vörður og verkefni við endurskoðun næstu
vatnaáætlunar 2028-2033



Áfanga- og verkáætlun

Helstu vörður og verkefni við endurskoðun næstu vatnaáætlunar 2028 - 2033

Maí 2025

Útgefandi Umhverfis- og orkustofnun

Útgáfunúmer UOS-2025:19

Suðurlandsbraut 24

108 Reykjavík

Sími 591 2000

www.uos.is


Efnisyfirlit

Inngangur	4
Áfanga- og verkáætlun.....	6
1. Vinna vatnaráðs.....	8
2. Vinna vatnasvæðanefnda	8
3. Vinna ráðgjafanefnda.....	9
4. Álagsgreining og hættumat vatnshlota	10
5. Vinna við aðgerðaáætlun vatnaáætlunar 2022 - 2027	11
6. Efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar	11
7. Endurafmörkun grunnvatnshlota.....	11
8. Frekari afmörkun yfirborðsvatnshlota	12
9. Leiðbeiningar um áhrifamat	12
10. Styrking og gerð flokkunarkerfis yfirborðsvatnshlota	12
11. Ákvörðun um skilgreiningu tilnefndra mikið breyttra og manngerðra vatnshlota	13
12. Bráðabirgðayfirlit vatnaáætlunar 2028 - 2033.....	13
13. Umhverfismat vatnaáætlunar 2028 - 2033	13
14. Gerð vöktunaráætlunar 2028 - 2033.....	14
15. Gerð aðgerðaáætlunar 2028 - 2033	14
16. Athugun á loftslagsáhrifum aðgerða í aðgerðaáætlun.....	14
17. Gerð vatnaáætlunar 2028 - 2033	15

Inngangur

Markmið laga nr. [36/2011 um stjórn vatnamála](#) eru m.a. að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnum vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf. Lögin gera ráð fyrir gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar sem gefnar eru út á sex ára fresti en tímabilin eru einnig kölluð vatnahringir. Fyrsta vatnaáætlun Íslands tók gildi árið 2022¹ og með henni var í fyrsta sinn sett heildstæð stefna fyrir verndun vatns á Íslandi. Með heildstæðri stjórn vatnamála er hægt að meta ástand vatns, fylgjast með álagi og tryggja vernd þess, þannig er stjórn vatnamála samvinnuverkefni stjórnvalda, stofnana, ráðgjafa, sveitarfélaga, heilbrigðisnefnda og náttúruverndar- eða umhverfisnefnda sveitarfélaga, hagsmunaaðila og almennings. Vatnaáætlun fjallar um þá fjölmörgu verkþætti sem vinna skal í hverjum vatnahring til að ná þeim markmiðum sem sett eru fyrir vatn. Í þessari vinnu felst meðal annars gerð og framkvæmd vöktunar- og aðgerðaráætlana, kortalagning á álagi, greining á áhættu og mat á ástandi vatns. Núverandi vatnaáætlun nær til ársins 2027 en nú þegar er undirbúningur hafinn við endurskoðun hennar og útgáfu næstu vatnaáætlunar fyrir árin 2028-2033 og skipulag þeirrar vinnu sett fram í þessari áfanga- og verkáætlun.


Ísland er eitt vatnaumdæmi eða ein stjórnsýslueining sem nær til allra íslenskra vatnasvæða ásamt árósarvatni og strandsjó sem þeim tengjast. Vatnaumdæmið skiptist í fjögur vatnasvæði en afmörkun þeirra er gerð eftir jarðfræðilegum og vatnafræðilegum þáttum. Vatnasvæðin eru ætluð til að stuðla að skilvirkri samvinnu opinbera aðila í vatnamálum. Fyrir hvert vatnasvæði starfar ein vatnasvæðanefnd með fulltrúum frá öllum sveitafélögum og viðeigandi heilbrigðisnefndum.



Mynd 1. Skipting landsins í vatnasvæði

¹ [Vatnaáætlun Íslands 2022 – 2027](#)

Fyrirliggjandi gögn um innleiðingu á stjórn vatnamála og framkvæmd vatnaáætlunar eru opinber og gerð aðgengileg almenningi með þeim takmörkunum sem greinir í 6.–10. gr upplýsingalaga nr. 140/2012. Í Vatnaáætlun 2022–2027 og á vefsíðu stjórnar vatnamála www.vatn.is er hægt að finna frekari upplýsingar um vatnaumdæmið og vatnasvæðin. Þar er einnig hægt að nálgast fréttir, gögn, og almennar upplýsingar um stjórn vatnamála. Í kortasjá stjórnar vatnamála vatnavefsja.vedur.is/ eru upplýsingar um flokkun og eiginleikagreiningu vatns, ásamt álagi og ástandi þess.



Áfanga- og verkáætlun

Umhverfis- og orkustofnun annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Stofnunin samræmir og hefur umsjón með framkvæmd vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og vinnur tillögur að nýjum áætlunum á sex ára fresti í samvinnu við ýmsa hagaðila. Stofnunin setur drög að nýrri vatnaáætlun í opinbera kynningu áður en hún er staðfest. Umhverfis- og orkustofnun gerir einnig tillögur til ráðherra um setningu reglugerða skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Síðast en ekki síst hefur Umhverfis- og orkustofnun umsjón með upplýsingagjöf, gerð fræðsluefnis og leiðbeininga vegna stjórnar vatnamála og skal tryggja miðlun upplýsinga um vatn.

Áfanga- og verkáætlun þessi veitir heildaryfirsýn yfir helstu vörður og verkefni sem þurfa að fara fram áður en næsta vatnaáætlun tekur gildi árið 2028. Í áætluninni er greint frá forsendum og markmiðum vinnunnar, þeim verkefnum sem eru framundan, tímasetningum opinberra kynninga og samráði.

Margir aðilar koma að gerð vatnaáætlunar s.s. vatnaráð, vatnasvæðanefndir, ráðgjafarnefndir fagstofnana og eftirlitsaðila og ráðgjafarnefndir hagsmunaaðila, heilbrigðisnefndir, heilbrigðiseftirlit ásamt fleiri hagsmunaaðilum sem haft verður samráð við og geta einnig komið ábendingum sínum á framfæri í gegnum kynningu á bráðabirgðayfirliti vatnaáætlunar og drögum að vatnaáætlun þegar þar að kemur. Þær ábendingar sem Umhverfis- og orkustofnun berast verða notaðar meðal annars í vinnu við gerð endurskoðaðrar vatnaáætlunar, vöktunaráætlunar, og aðgerðaáætlunar.

Í köflunum hér á eftir er fjallað um helstu verkþætti, áfanga og störf þeirra nefnda sem koma að gerð næstu vatnaáætlunar ásamt tímaáætlun (sjá töflu 1). Tímaáætlunin hófst árið 2024 og tekur því til verkþátta sem er nú þegar lokið, en eru mikilvægir fyrir innleiðingu vatnaáætlunar. Áætlunin nær til ársins 2028, en þá verður næsta vatnaáætlun staðfest og næsti vatnahringur hefst.

Tafla 1. Tímaáætlun áfanga og verkþátta fram að útgáfu næstu vatnaáætlunar

Verkþáttur	2024				2025				2026				2027				2028			
1. Vinna vatnaráðs																				
2. Vinna vatnasvæðanefnda																				
3. Vinna ráðgjafanefnda																				
4. Álagsgreining og hættumat vatnshlota																				
5. Vinna við aðgerðaáætlun 2022 - 2027																				
6. Efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar																				
7. Endurafmörkun grunnvatnshlota																				
8. Frekari afmörkun yfirborðsvatnshlota																				
9. Leiðbeiningar um áhrifamat																				
10. Styrking og gerð flokkunarkerfis yfirborðsvatnshlota																				
11. Ákvörðun um skilgreiningu tilnefndra mikið breyttra og manngerðra vatnshlota																				
12. Bráðabirgðayfirlit vatnaáætlunar 2028-2033																				
13. Umhverfismat vatnaáætlunar 2028-2033																				
14. Gerð vöktunaráætlunar 2028-2033																				
15. Gerð aðgerðaráætlunar 2028-2033																				
16. Athugun á loftslagsáhrifum aðgerða í aðgerðaáætlun 2028-2033																				
17. Gerð vatnaáætlunar 2028-2033																				

Útskýring litakóðunar

Vinna í gangi

Opinber kynning

Ný vatnaáætlun í gildi



1. Vinna vatnaráðs

Samkvæmt 3. gr. laga um stjórn vatnamála skal umhverfis- orku,- og loftslagsráðherra skipa vatnaráð. Hlutverk [vatnaráðs](#) er að vera ráðherra til ráðgjafar um stjórn vatnamála og veita umsögn við gerð reglugerða sem settar eru á grundvelli laga um stjórn vatnamála. Í vatnaráði eru fimm fulltrúar, skipaðir í fimm ár í senn. Hlutverk ráðsins er að vera ráðherra til ráðgjafar um stjórn vatnamála, m.a. gegnum umsjón með gerð tillögu að vatnaáætlun, eftirfylgni með því hvernig markmiðum laganna er náð og meta kostnað sem af þeim hlýst fyrir ríki og sveitarfélög. Fulltrúa nefndanna má sjá á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar www.vatn.is.

Vatnaráð skal skila, á þriggja ára fresti, skýrslu til umhverfis- orku,- og loftslagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga um hvernig markmiðum laganna um stjórn vatnamála er náð og gefur, ef þörf er, ábendingar um kostnað innleiðingar fyrir ríki og sveitarfélög. Vatnaráð tekur einnig afstöðu til tillögu Umhverfis- og orkustofnunar að endurskoðaðri vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun áður en þær fara í opinbera kynningu í samræmi við 27. gr. laga um stjórn vatnamála.

Umhverfis- og orkustofnun upplýsir vatnaráð um framgang við gerð vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar og áður en áætlanirnar eru kynntar opinberlega eru þær lagðar fram fyrir vatnaráð til afgreiðslu. Eftir opinbera kynningu fær vatnaráð áætlanirnar aftur til umsagna og skilar til umhverfis- orku,- og loftslagsráðherra til staðfestingar.

Skipan í nýtt vatnaráð fer fram í árið 2025 og mun vinna ráðsins hefjast í kjölfarið. Verður skipan ráðsins kunngerð á vefsíðu stjórnar vatnamála (www.vatn.is) þegar skipan liggur fyrir.

2. Vinna vatnasvæðanefnda

Á hverju vatnasvæði starfar ein vatnasvæðanefnd² en í henni eiga að vera fulltrúar allra sveitafélaga innan marka svæðisins ásamt fulltrúum frá viðkomandi heilbrigðiseftirlitum. Formaður vatnasvæðanefndana er starfsmaður Umhverfis- og orkustofnunar en hann boðar til reglulegra funda. Fulltrúar núverandi vatnasvæðanefnda sem koma að vinnu við annan vatnahring (2028-2033) voru skipaðir í lok ársins 2023 og hófu nefndirnar störf á fyrri hluta ársins 2024. Send voru bréf til allra sveitarfélaga landsins og óskað eftir þátttöku þeirra og tilnefningu fulltrúa í vatnasvæðanefndir. Flest sveitarfélögin tilnefndu fulltrúa, en fulltrúar og varamenn þeirra eru skipaðir einu sinni á vatnahring nema aðstæður krefjist nýrrar skipunar. Lista yfir fulltrúa vatnasvæðanefnda er að finna á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar, vatn.is.

Hlutverk vatnasvæðanefnda er að samræma vinnu á viðkomandi vatnasvæði og afla upplýsinga fyrir vinnu við gerð nýrrar vatnaáætlunar, vöktunaráætlunar, og aðgerðaáætlunar, m.a. um álag á vatn sem er undirstaða vinnu við næstu vatnaáætlun.

² [Vatnasvæðanefnd 1](#), [Vatnasvæðanefnd 2](#), [Vatnasvæðanefnd 3](#) og [Vatnasvæðanefnd 4](#)

Fulltrúar í vatnasvæðanefndum gegna mikilvægu hlutverki sem tengiliðir við vinnu við vatnaáætlun. Nefndirnar taka þátt í samráði og upplýsingahlutverki bæði á gildistíma vatnaáætlunar og við endurskoðun hennar og gegna veigamiklu hlutverki við öflun ýmiskonar gagna um álag og starfsemi á þeim svæðum sem þær starfa

Árið 2024 hófst undirbúningur álagsgreiningar, en hún leggur m.a. grunninn að aðgerðum fyrir endurskoðaða aðgerðaáætlun. Umhverfis- og orkustofnun annast gerð hennar og er fyrirhugað að endurskoðuð álagsgreining verði rýnd af vatnasvæðanefndum á síðari hluta ársins 2025. Nefndirnar koma að vinnu við endurskoðun vatnaáætlunar, aðgerðaáætlunar og vöktunaráætlunar, bæði við rýni bráðabirgðayfirlits vatnaáætlunar (upphaf ársins 2026) og þegar að áætlanirnar fara í opinbera kynningu (upphaf ársins 2027).

Umhverfis- og orkustofnun boðar til reglulegra funda þar sem verkefni við innleiðingu stjórnar vatnamála eru kynnt og verkefni nefndanna eru rædd og unnin.

3. Vinna ráðgjafanefnda

Tvær ráðgjafanefndir starfa vegna innleiðingar stjórnar vatnamála og koma með virkum hætti að gerð næstu vatnaáætlunar, það eru [ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila](#) og [ráðgjafanefnd hagsmunaaðila](#).

Ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila

Fulltrúar Ráðgjafanefndar fagstofnana og eftirlitsaðila eru skipaðir af umhverfis- orku,- og loftslagsráðherra og velja sér formann og varaformann úr sínum hópi til tveggja ára í senn.

Hlutverk ráðgjafanefndar fagstofnana og eftirlitsaðila er að vera Umhverfis- og orkustofnun og vatnaráði til ráðgjafar um atriði sem falla undir lög um stjórn vatnamála. Nefndin skal jafnframt leggja fram nauðsynleg gögn sem notuð eru bæði við innleiðingu áætlana og þróun á nýrri vatnaáætlun.

Í ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila eru fulltrúar frá Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Landbúnaðarháskóla Íslands, Land og Skógi, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn, Matvælastofnun, Mannvirkjastofnun, Landmælingum Íslands, Vegagerðinni, Íslenskum orkurannsóknum, náttúrustofum og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga.

Ráðgjafanefnd hagsmunaaðila

Hlutverk ráðgjafarnefndar hagsmunaaðila er að vera Umhverfis- og orkustofnun og vatnaráði til ráðgjafar um atriði samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Fulltrúar nefndarinnar eru skipaðir af umhverfis- orku,- og loftslagsráðherra og velja sér formann og varaformann úr sínum hópi til tveggja ára í senn.

Fulltrúar í ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila skulu vera til ráðgjafar um þau málefni sem samtök þeirra helga sig. Í ráðgjafanefndinni eiga sæti fulltrúar frá m.a. Samtökum atvinnulífsins,

Bændasamtökum Íslands, Samorku, Landssambandi smábátæigenda, samtökum veiðiréttarhafa, samtökum veiðifélaga, samtökum útivistarfélaganna, hafnarsamböndum, fuglaverndarfélagum, félögum um vernd hálendisins, náttúru- og umhverfisverndarsamtökum og skógræktar- og landgræðslufélögum.

Vinna ráðgjafanefndanna

Núverandi nefnd fagstofnana og eftirlitsaðila var tilnefnd árið 2023 og tók til starfa á fyrri hluta ársins 2024. Gert er ráð fyrir því að skipan í ráðgjafanefnd hagsmunaaðila ljúki árið 2025.

Ráðgjafanefndir funda reglulega um þau málefni sem stofnanir og samtök þeirra helga sig og verða samráðsaðilar við gerð vatnaáætlunar ásamt aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Hluti af vinnu nefndarinnar er að rýna skýrslur, leiðbeiningar og annað sem Umhverfis- og orkustofnun vinnur að við innleiðingu stjórnar vatnamála. Nefndin skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð áætlana og upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir. Hægt er að stofna minni vinnuhópa innan nefndanna sem vinna að afmörkuðum verkefnum.

4. Álagsgreining og hættumat vatnshlota

Fyrir hvern vatnahring greinir Umhverfis- og orkustofnun, í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, Veðurstofa Íslands, Náttúrufræðistofnun, og Hafrannsóknastofnun, álag á vatn. Álagsgreiningin gefur yfirlit um álagspætti frá t.d. þéttbýli og starfsleyfisskyldri starfsemi sem getur haft í för með sér mengun í vatni, beint eða óbeint. Einnig er greind dreifð losun, svo sem frá landbúnaði, skógrækt, landgræðslu og frístundabyggingum. Álagsgreiningin gefur vísbendingar um hvaða vatnshlot þurfi að skoða nánar vegna mögulegra mengunar, og hvaða vatnshlot geta nýst sem viðmið fyrir náttúrulegar aðstæður. Álagsgreiningin er aðgerð A13 í aðgerðaráætlun vatnaáætlunar 2022 – 2027.

Fyrsta álagsgreiningin fór fram 2012-2013³ og var bætt við hana árið 2019⁴. Voru upplýsingarnar sem álagsgreiningin byggir á endurskoðaðar að hluta til og uppfærðar með frekari afmörkun yfirborðsvatnshlota í strandsjó.

Árin 2024 – 2025 verður gögnum um álag í vatnshlotum safnað með aðstoð vatnasvæða- og ráðgjafanefnda. Gögnin verða notuð til að endurskoða fyrri álagsgreiningu fyrir útgáfu næstu vatnaáætlunar. Gert er ráð fyrir því að álagsgreiningin muni byggja á þeirri aðferðarfræði sem sett var fram árið 2013 í stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands ásamt þeim álagspáttum sem hafa bæst við síðan skýrslan var gerð t.d. vegna vatnsformfræðilegs álags. Jafnframt byggir aðferðarfræðin við álagsgreininguna á leiðbeiningarskjölum Evrópusambandsins. Vatnshlot verða flokkuð eftir því hversu líkleg þau eru til að ná ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau. Eru þau flokkuð í þrjá flokka; *ekki í hættu*, *óvissu* og *í hættu*.

³Umhverfisstofnun (2013). [Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands. Skipting vatns í vatnshlot og mat á helsta álagi af starfsemi manna á vatni](#). UST-2013:11. 67 bls.

⁴Sólveig R. Ólafsdóttir (2019). [Endurskoðun á skiptingu strandsjávar í vatnshlot](#). Hafrannsóknastofnun, HV 2019-45. 20 bls.

Álagsgreiningin leggur grunninn að þeim aðgerðum sem settar verða fram í næstu aðgerðaáætlun vatnaáætlunar 2028 – 2033.

5. Vinna við aðgerðaáætlun vatnaáætlunar 2022 – 2027

Aðgerðaáætlun vatnaáætlunar 2022-2027⁵ var fyrst sinnar tegundar til verndunar vatns á Íslandi. Í aðgerðaáætlun voru settar fram 57 aðgerðir sem skiptust í sex málaflokka. Umfangsmestu aðgerðirnar snéru að innleiðingu á ákvæðum laga stjórnar vatnamála og fráveituframkvæmdum sveitarfélaga. Í lok ársins 2024 var alls 18 aðgerðum lokið, 27 aðgerðir í vinnslu, 12 aðgerðir voru ekki hafnar og 14 aðgerðir verða í vinnslu allt tímabilið. Þetta eru t.d. aðgerðir er snúa að fræðslu, vöktun og innleiðing ákvæða laga stjórnar vatnamála í leyfi. Gert er ráð fyrir því að eitthvað af aðgerðunum sem eru í núverandi aðgerðaáætlun muni ekki vera hægt að framkvæma eða klára. Í þeim tilfellum er fyrirséð að þær muni fara inn sem nýjar aðgerðir í aðgerðaáætlun 2028 – 2033, annað hvort óbreyttar eða með breyttu sniði.

Gert er ráð fyrir því að skrif við fyrstu drög að næstu aðgerðaáætlun muni hefjast um mitt árið 2025. Samráð um aðgerðir verður haft við þær nefndir sem starfa vegna innleiðingar lagana þ.e. vatnasvæðanefndir, ráðgjafanefndir og vatnaráð.

6. Efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar

Samkvæmt 7 gr. skal Umhverfis- og orkustofnun sjá til þess að efnahagsleg greining vegna vatnsnotkunar verði gerð og skal samkvæmt II viðauka, 6-lið, A-hluta laga um stjórn vatnamála gera grein fyrir niðurstöðum hennar. Greiningin var síðast gerð árið 2011⁶. Í aðgerð B7 í aðgerðaráætlun 2022 – 2027 kemur fram að greina skuli leiðir er varða endurheimt kostnaðar vegna vatnsnotkunar sem lokið var árið 2024. Næstu skref (aðgerð B8) fela í sér að vinna áfram með þær leiðir sem skýrslan fjallar um varðandi að meta ólíkar sviðsmyndir þar sem leitað er leiða við að framfylgja kröfum um endurheimt kostnaðar vegna vatnsnotkunar og mögulegar aðgerðir tengdar því. Verður sú vinna í höndum umhverfis- orku,- og loftslagsráðuneytis.

7. Endurafmörkun grunnvatnshlota

Umhverfis- og orkustofnun leiðir vinnu við endurafmörkun grunnvatnshlota og er sú vinna flokkuð sem aðgerð A2 í aðgerðaráætlunni⁵. Samstarfshópur var stofnaður árið 2024 en hlutverk hans er að leggja mat á mögulega nálgun við slíka endurafmörkun. Afmörkun núverandi grunnvatnshlota byggir að miklu leiti á lekt jarðlaga en ekki á vatnafarspáttum. Endurafmörkun á þess vegna að taka tillit til ráðandi vatnafarspátta og grunnvatnsrennslis.

⁵ [Aðgerðaáætlun vatnaáætlunar 2022 - 2027](#)

⁶ [Hagfræðileg greining vatnsnotkunar](#)

Jafnframt er áætlað að kortleggja fyrirbyggjandi gögn, einkum hvað varðar nýtingu og magnstöðu grunnvatnshlota og hvernig aðferðarfræði er æskilegt að beita.

Hópurinn skoðar einnig möguleikann á því að afmarka heitt grunnvatn sem vatnshlot m.v. niðurstöður samstarfshóps.

8. Frekari afmörkun yfirborðsvatnshlota

Umhverfis- og orkustofnun leiðir vinnu við endurskoðun og frekari afmörkun yfirborðsvatnshlota. Samstarfshópur hóf störf í janúar 2025 og er hlutverk hans að gera tillögur að frekari afmörkun, endurafmörkun eða breytingum á gerðarflokkun vatnshlota þar sem þess er þörf.

Við fyrstu afmörkun yfirborðsvatnshlota sem fór fram árið 2011-2012 ásamt viðbótum sem gerð var árið 2019 í strandsjó, var sérstaklega horft til tiltekinnna álagspátta t.d. fiskeldis og fráveitu. Eftir stóð að frekari afmörkunar var þörf m.a. vegna stærðar strandsjávarhlota, en mörg þeirra eru of umfangsmikil í núverandi kerfi. Jafnframt eru þónokkur yfirborðsvatnshlot á landi sem þarfnast afmörkunar vegna álags.

9. Leiðbeiningar um áhrifamat

Umhverfis- og orkustofnun annast stjórnslu á sviði vatnsverndar samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Í því felst að veita leiðbeiningar um það hvernig stofnanir, leyfisveitendur, sveitarfélög, framkvæmdar- og rekstaraðilar uppfylli skyldur sínar gagnvart lögunum. Umhverfismarkmið vatnahlota eru lagalega bindandi og skulu öll leyfi sem gefin eru út þar sem áhrifa á vatn gætir vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála. Í því felst að gera þarf áhrifamat fyrir þau vatnshlot sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdum og rekstri áður en leyfi eru gefin út. Umhverfis- og orkustofnun hefur gefið út fyrstu útgáfu af leiðbeiningum um það hvernig eigi að bera sig að við slíkt áhrifamat. Þær [leiðbeiningar](#)⁷ verða uppfærðar eftir því sem þörf er á og nýjar upplýsingar um ástandsflokkun vatnshlota leiða til breytinga á flokkunarkerfinu. Jafnframt verða útbúnar leiðbeiningar til sveitarfélaga um það hvernig þau eigi að bera sig að við að uppfylla kröfur lagana við áætlanagerð.

10. Styrking og gerð flokkunarkerfis yfirborðsvatnshlota

Þær rannsóknarstofnanir sem hafa lagalegt hlutverk við innleiðingu laga um stjórn vatnamála eru Hafrannsóknastofnun, Veðurstofa Íslands og Náttúrufræðistofnun. Þær leggja til gögn og sérfræðiþekkingu sína m.a. við gerð ástandsflokkunarkerfis fyrir yfirborðsvatnshlot. Nú þegar er búið að útbúa ástandsviðmið fyrir allmargar gerðir [straum- og stöðuvatna](#) ásamt [strandsjó](#).

⁷ [Leiðbeiningar um gerð áhrifamats fyrir vatnshlot](#)

Verið er að vinna að endurskoðun ástandsviðmiða straum- og stöðuvatna fram að útgáfu næstu vatnaáætlunar auk þess að bæta við ástandsviðmiðum fyrir fleiri gerðir. Jafnframt verður gerð rannsókn á vistfræði árósvatnshlota í þeim tilgangi að safna líffræðilegum, eðlisefnafræðilegum og vatnsformfræðilegum gögnum til undirbúnings gerðar ástandsflokkunarkerfis.

11. Ákvörðun um skilgreiningu tilnefndra mikið breyttra og manngerðra vatnshlota

Í vatnaáætlun 2028-2033 skal gera grein fyrir ákvörðun um að vatnshlot teljist vera manngert eða mikið breytt og færa rökstuðning fyrir því. Alls eru 59 vatnshlot á bráðabirgðalista yfir mikið breytt eða manngerð vatnshlot en ljúka þarf skilgreiningu þeirra áður en næsta vatnaáætlun verður kynnt opinberlega í lok 2026.

Hafrannsóknastofnun vann árið 2023 skýrslu um aðferðarfræði sem nota skal við endanlega tilnefningu mikið breyttra og manngerðra vatnshlota. Til að ljúka skilgreiningu skal framkvæma tilnefningarpróf fyrir öll vatnshlot á bráðabirgðalistanum.

Vinna er hafin við að afla gagna til að klára skilgreiningu mikið breyttra og manngerðra vatnshlota fyrir næstu vatnaáætlun.

12. Bráðabirgðayfirlit vatnaáætlunar 2028 - 2033

Samkvæmt 27 gr. laga um stjórn vatnamála skal kynna bráðabirgðayfirlit vatnaáætlunar opinberlega og óska eftir athugasemdum við þau tveimur árum áður en ný vatnaáætlun gengur í gildi. Yfirlitið mun innihalda yfirlit yfir mikilvæg atriði í vatnaáætlun. Er það gert til að upplýsa almenning og hagsmunaaðila um stöðu nýrrar vatnaáætlunar og öllum hagsmunaaðilum gefið tækifæri til að koma með ábendingar og athugasemdir snemma í ferlinu. Gert er ráð fyrir því að í byrjun árs 2026 verði drög að bráðabirgðayfirlitinu kynnt. Svör umsagna verða birt í kjölfarið á vefsetri stofnunarinnar.

13. Umhverfismat vatnaáætlunar 2028 - 2033

Samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana skal Umhverfis- og orkustofnun, fyrir hvern vatnahring, vinna umhverfismat fyrir tillögu að nýrri vatnaáætlun og meta möguleg umhverfisáhrif mismunandi valkosta um stefnu áætlunarinnar. Í umhverfismati áætlana felst að meta skuli áhrif skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið og nýta þær niðurstöður til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Með matsvinnunni er stuðlað að því að mið sé tekið af umhverfissjónarmiðum við gerð tillögu að vatnaáætlun, dregið úr eða komið í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif og hugað að samræmi vatnaáætlunar við aðrar áætlanir.

Vatnaáætlun fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og verður hún kynnt opinberlega, ásamt umhverfisskýrslu, í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

14. Gerð vöktunaráætlunar 2028 - 2033

Í vöktunaráætlun er fjallað um vöktun vatns og skal hún veita heildarsýn yfir ástand vatnshlota.

Umhverfis- og orkustofnunar framkvæmir, í samvinnu við heilbrigðisnefndir sveitarfélaga og rannsóknastofnanir vöktun á yfirborðsvatnahlotum sem eru notuð til viðmiðunar og til að styðja við ástandsflökkunarkerfi vatnshlota í hverjum vatnahring. Í vöktunaráætlun koma fram upplýsingar um þessi vatnshlot og vöktun þeirra gerð skil.

Í áætluninni eru jafnframt ítarlegar upplýsingar til allra þeirra sem þurfa að framkvæma vöktun samkvæmt stjórn vatnamála (t.d. rekstrar- og framkvæmdaraðilar) um skipulag og aðferðir við vöktun vatns, val á gæðapáttum til vöktunar, tíðni og þéttleika vöktunarstaða.

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hefur vatnaráð umsjón með gerð tillögu að vöktunaráætlun sem Umhverfis- og orkustofnun setur fram. Vöktunaráætlunin er staðfest af ráðherra samhliða vatnaáætlun og aðgerðaráætlun að loknu samráði og almennri kynningu.

15. Gerð aðgerðaáætlunar 2028 - 2033

Álagsgreining vatnshlota ásamt annarri vinnu við þróun vatnaáætlunar á að leiða í ljós hvar aðgerða er þörf til að tryggja gæði vatns á Íslandi. Aðgerðaáætlun á að tryggja að öll vatnshlot á Íslandi nái þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau og eru bindandi fyrir viðkomandi stjórnvald. Í því felst að greina þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru hvort sem það eru úrbætur og innleiðing verklags í stjórnsýslu, fræðsla eða beinar aðgerðir varðandi losun mengandi efna og setja fram aðgerðir sem tryggja gott ástand vatns til framtíðar. Þar sem vatnshlot hafa verið skilgreind í hættu eða í óvissu, eru settar fram aðgerðir til að staðfesta álagsgreininguna eða aflétta óvissu. Samhliða vinnu við núverandi aðgerðaáætlun 2022-2027 hefst vinna við endurskoðun aðgerðaráætlunar fyrir næsta vatnahring.

Tillögur að nýjum aðgerðum eru kynntar fyrir og rýndar af vatnaráði, vatnasvæðanefndum, ráðgjafanefnd hagsmunaaðila og ráðgjafanefnd fagstofnana og eftirlitsaðila. Drög að aðgerðaáætlun verður kynnt opinberlega samhliða kynningu vatnaáætlunar. Ný aðgerðaráætlun tekur gildi í apríl 2028 samhliða staðfestingu vatnaáætlunar.

16. Athugun á loftslagsáhrifum aðgerða í aðgerðaáætlun

Markmið athugunar á loftslagsbreytingum (e. Climate check) á aðgerðum er til að tryggja að aðgerðirnar séu þannig úr garði gerðar að þær geti aðlagast loftslagsbreytingum ásamt því að

auka ekki losun gróðurhúsalofttegunda. Það þýðir að mögulega þarf að aðlaga eða styrkja aðgerðirnar þannig að þær virki áfram þrátt fyrir breyttar aðstæður. Athuginin var ekki gerð fyrir núverandi vatnaáætlun er ríkjum Evrópusambandsins er uppálagt að gera slíka athugin til að tryggja að ekki séu settar fram aðgerðir sem munu ekki styðja við önnur markmið sambandsins varðandi m.a. losun gróðurhúsalofttegunda. Athuginin verður gerð á hverri aðgerð fyrir sig og fer í sama kynningarferli og útgáfu eins og áætlanirnar.

17. Gerð vatnaáætlunar 2028 - 2033

Umhverfis- og orkustofnun vinnur tillögu að nýrri vatnaáætlun undir umsjón vatnaráðs og með vatnasvæða- og ráðgjafanefndir til aðstoðar. Vatnaráð gerir síðan tillögu til umhverfis,- orku og loftslagsráðherra um staðfestingu hennar. Vinna við vatnaáætlunar er umfangsmikil og henni því skipt í áfanga sem fram fara fyrst og fremst árin 2026-2027.

Drög að vatnaáætlun 2028-2033 ásamt vöktunaráætlun og aðgerðaáætlun er sett í opinbera kynningu í hálf ári eða frá desember 2026 til júní 2027. Að lokinni kynningu er unnið í þeim umsögnum og athugasemdum sem berast áður en áætlanirnar ásamt umhverfismati eru sendar til endanlegrar staðfestingar umhverfis,- orku og loftslagsráðherra. Að staðfestingu lokinni birtir Umhverfis- og orkustofnun nýja vatnaáætlun á vef sínum og áætlunin gildir í 6 ár.